

Fundargerð, foreldrafundur 26. september 2024

Staðsetning: Miðeildarstofa Öxarfjarðarskóla

Fundur settur: 19:33

Mættir eru: Eyrún Ösp, Anka, Baldur, Svala, Elvar Már, Matthildur, Jónas, Petronella, Alvaro, Sigurður Jón, Einar Ófeigur, Margrét

Starfsfólk: Hrund, Conny, Christoph, Rakel Anna, Lára Björk, Vigdís, Arna Ósk, Guðrún Lilja, Jóhanna

Hrund byrjar á að ávarpa hópinn, þakkar fyrir góða mætingu og nefnir að fundurinn sé frekar miðaður að grunnskólabörnum. 16. október verður foreldrafundur sérstaklega fyrir foreldra leikskólabarna. Hún reifar dagskránna og hefur fyrsta lið.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skólastjóra
2. Nám og kennsla - Kynning frá umsjónarkennurum
3. Foreldrafélagið – skýrsla stjórnar og kosningar
4. Hönnun skólalóðar – frumdrög til kynningar
5. Önnur mál

Fyrsta mál á dagskrá: Upplýsingar frá skólastjóra

Skólareglur, þær má einnig nálgast [hér](#).

- Undantekning á banni við síma í frímínútum hjá unglिंगadeild.
- Í reglunum er þess sérstaklega gætt að útskýra hvers vegna hver regla er sett.
- Foreldrar meiga gjarnan koma með athugasemdir um reglurnar, ef einhverjar eru

Skerpt á ákvæði um að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag og mikilvægi samfélagsins alls í þeim þætti.

Einkunarorð skólans: vinátta, virðing, jákvæðni (valin á vogleði).

- Starfsfólk hefur einnig gert með sér [starfsmannasáttmála](#).

Rætt um myndbirtingar:

Commented [RB1]: insert link

Commented [RB2]: ?

- Þess gætt að setja myndir ekki beint inn á facebook, aðeins á heimasíðuna
- Hrund spyr hvort foreldrar telji ástæðu til þess að foreldrar skrifi undir samþykki fyrir myndbirtingar
 - o Umræður
 - Einhver telja það óþarfi, nefna að ef foreldrar vilji ekki myndbirtingar af sínum börnum gætu þau óskað sérstaklega eftir því
- Starfssemi:
 - Nemendur alls 58 í samreknunum leik- og grunnskóla (23+35)
 - ÍSAT nemendur í grunnskóla eru 13 en 5 í leikskóla.
 - Í skólanum eru töluð 5 tungumál (þýska, enska, spænska, sænska og pólska)
 - Starfsmenn í samreknunum leik- og grunnskóla alls 19 í 15,6 stöðugildum
 - Leikskólinn - 7 starfsmenn í 6,1 stöðugildi
 - Grunnskólinn - 12 starfsmenn í 9,5 stöðugildum

Staðgengill skólastjóra er Christoph Wöll

Deildarstjóri leikskóladeildar er Arna Ósk Arnbjörnsdóttir

Viðburðir:

- Árshátíðin verður í Skúlagarði, sett verða upp tvö leikrit; mið- og unglíngadeild annars vegar og hins vegar yngri deild ásamt elstu börnum leikskóla
- Skólaferðalag
- Litlu jól
- Þorablót: prófað í fyrra, harmonikkuleikur og kennaragrín. Í ár verður foreldrum boðið með.
- Vogleði, allur skólinn hefur tekið þátt en eitthvað þarf að minnka umfangið næst þar sem dagskráin varð heldur löng. Hrund þakkar sérstaklega fyrir góða þátttöku foreldra í því.
- Skólaferðalag unglíngadeildar verður innanlands í lok þessa skólaárs en erlendis næsta skólaár.

Samstarf við Grunnskóla Raufarhafnar

- Koma til okkar þegar utanaðkomandi viðburðir verða.
- Á morgun er Laugamót, þá sameinast okkar nemendur nemendum frá Raufarhöfn.
- Þar eru 7 börn í 2.-10. bekk

Samstarf við Tónlistarskóla Húsavíkur

- Jónas, Adrienne og Indíana bjóða bæði upp á einkatíma í hljóðfæraleik ásamt tónmennt og söngsal.

Um leyfisumsóknir

- Það er ekki hægt að sækja um leyfisbeiðni fyrir nemendur með dags fyrirvara. Þá skal hafa samband við umsjónarkennara.
- Ef leyfisbeiðni á við um meira en 3 daga er henni beint til skólastjóra

Afboðun skóla vegna veðurs

- Ef skóli er afboðaður sendir skólastjóri tölvupóst
- Hrund minnir á mikilvægi þess að foreldrar skoði heimasíðu almennt

Stoðþjónusta

- Skipulag er að finna á heimasíðunni
 - Skólaþjónusta
 - Félagþjónusta
- Meginviðfangsefni skólaþjónustunnar er að styrkja skóla og starfsemi þeirra, m.a. með skimunum, greiningum, ráðgjöf og eftirfylgni.
- Skólaþjónusta Norðurlands (koma 1x í mánuði – sjá [skipulag á heimasíðu](#)):
 - Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur,
 - Kristín Heimisdóttir sálfræðingur (sér um Öxarfjarðarskóla)
 - Berglind Júlíusdóttir kennsluráðgjafi og talmeinafræðingur
 - Jón Höskuldsson er fræðslufulltrúi Norðurlands
 -

Skólaráð

- Samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags

Heimasíða skólans

- Þar er allar helstu upplýsingar að finna
- Þar að auki eru vikupóstar sendir til foreldra í tölvupósti og í gegn um Mentor

Sundlaugin í Lundi

- Ákveðið hafði verið í vor að skipuleggja þyrfti sundkennslu með öðrum ráðum en kenna í Lundi (á Raufarhöfn eða Húsavík), þar sem loka átti lauginni. Fengum leyfi til að halda áfram með kennslu nú í haust. Hrund leggur áherslu á mikilvægi þess að þurfa ekki að ferðast með börnin
- Því miður hefur það ekki gengið nógu vel, alltaf eitthvað vesen á sundlauginni, svo hér hefur ekki verið kennt sund núna í 3 vikur
- Hrund sendi erindi í dag, m.a. á sveitastjóra til að ítreka mikilvægi þess að þessu verði kippt í lag


Annað mál á dagskrá: Nám og kennsla - Kynning frá umsjónarkennurum

Kennarar yngri deilda (1.-4. bekk), Vigdís og Lára Björk

- Farið yfir almennt reglubundið skipulag, t.d. að í hverri viku er einn nemandi valinn til að vera umsjónamaður
- Samskipti fara fram með vikupósti, námsmat er að finna á mentor
- Nemendur eiga að lesa heima 5 sinnum í viku

Kennarar eldri deilda (5.-10. bekk), Rakel Anna, Conny og Christoph

- Rakel Anna kynnir sig og áherslurnar sem hún hefur í sínum fögum, sem eru danska, íslenska og samfélagsfræði/þema, sem Conny, Christoph og Rakel Anna kenna saman
- Rakel Anna leiðir hópeflisleik
- Conny kynnir nýja námsveggi þar sem helstu atriði í hverri námsgrein eru skrifuð á veggina í kennslustofunni
- Conny kynnir líka bloom's taxonomy og sýnir mynd



- Conny fjallar um nýjungar í stærðfræðikennslu, í hverjum stærðfræðitíma er uppbrot þar sem nemendur vinna í hópum við að leysa *óhefðbundin* stærðfræðiverkefni
- Christoph fjallar um gervigreind
 - o Umræður
 - Foreldrar viðra áhyggjur af því að nemendur geti nýtt þetta til að svindla

Þriðja mál á dagskrá: Foreldrafélagið – skýrsla stjórnar og kosningar

- [Lög foreldrafélagsins og lög nemendasjóðsins](#) á heimasíðu Öxarfjarðarskóla
- Þetta er líka aðalfundur foreldrafélagsins
- Facebook síða
- Reglulegir fundi
- Helstu verkefni ársins:
 - o Þátttaka í viðburðum skólans
 - o Ályktun um aðstöðu til íþróttaiðkunar
- Viðburðir
 - o Jóla-vöfflukaffi
 - o Spilakvöld
 - o Dósatalning
 - o Vörusala
- Bókhaldið
 - o Umræður
 - Vangaveltur um það hvort vörusala sé fyrirhafnarinnar virði
 - Þakklæti til þjófgarðsins fyrir dósirnar
- Næsta stjórn, kjör - Opnað fyrir framboð
 - o Margrét Hjálmarsdóttir formaður gefur kost á sér aftur
 - o Elvar Már Stefánsson
 - o Ann-Charlotte Fernholm
 - o Silja Rún Stefánsdóttir

Fjórtða mál á dagskrá: Hönnun skólalóðar – frumdrög til kynningar

Breytingar sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd

- Starfsfólk leggur austan við skólahúsið
- Ærslabelgurinn er kominn upp
- Afleggjarinn breikkaður
- Lýsing á afleggjara lokuð

Tillögur sem lagðar eru til í frumhönnun

Opið fyrir athugasemdir á meðan á kynningu stendur og eru þær teknar saman að neðan. Hrund sendir athugasemdir frá skólanum á morgun. Eitthvað hefur verið kynnt fyrir nemendum og þau komið með ábendingar.

- Bílastæði og gönguleiðir

- Göngubraut á Þjóðvegi
 - Umræður um göng undir veginn
- (Lögð var til göngubraut í gegn um skóglendi, það var slegið strax út af borðinu) Það verður göngubraut norðan megin við afleggjarann
- Prautabraut
- Grunnskólalóð
 - Upphitað plan
 - Gerfigrasvöllur án grindverks (skólinn mun óska eftir grindverki)
 - Lítið af rólum (skólinn mun óskar eftir fleirum)
 - 5 bílastæði (Skólinn mun óska eftir fleirum)
 - Kastali
- Leikskólalóð
 - Leikskólalóðin stækkuð um 300 fermetra??
 - Útielhús
 - Kofinn færður til að tryggja gott útsýni yfir leikvöllinn fyrir starfsfólk leikskólans
 - Stór sandkassi
- Hrud dregur saman að henni þyki tillögurnar flottar en að mikilvægt sé að forgangsraða, það sé þörf eftir sparkvelli og rólum sem fyrst. Þar að auki er aðgengi vörumóttökunnar ábótavant.
- Það verði einnig að hafa í huga að þó þessar tillögur yrðu samþykktar gæti verið að þær myndu ekki raungerast fyrr en eftir mörg ár.
- Umræður
 - Því velt upp hvort ekki væri betra að halda börnunum lengra frá veginum
 - Því sömuleiðis velt upp hvort ekki ætti frekar að færa bílastæðið fjær skólanum (en alltaf þarf að vera vegur til að keyra að aðföngum og taka rusl)
 - Hvernig er áætlað að fjármagna þessar breytingar? Hrud svarar að það sé á borði Norðurþings, en hún hafi ekkert séð um þau áform.
 - Foreldrar ítreka mikilvægi þess að bæta aðstöðuna þar sem nemendurnir þurfa að ganga yfir veginn á leið í íþróttahúsið. Spurning með undirgöng?
 - Frekar rætt um sundlaug, skólasund verandi lögbundinn réttur, 20 klst. að lágmarki á ári. Conny bætir við að nemendur séu að dragast aftur úr samnemendum sínum.
 - Stjórn foreldrafélags er falið að senda Norðurþingi formlegt erindi þess efnis að bætt verði úr sundaðstöðu við skólann.
 - Frekari umræður um drög að tillögun í frumhönnun. Mælt er til þess að leiksvæði nemenda verði alfarið fært norðan við húsið, þá er hægt að tryggja að akstur skarist ekki við leiksvæði.

Commented [RB3]: þgf?

- Spurt er út í hvort myndbirtingar séu yfir höfuð leyfðar. Einhver telja að upplýst samþykki sé nauðsynlegt. Skólum er uppálagt að sækjast eftir upplýstu samþykki samkv. nýjum persónuverndarlögum.
 - Hægt væri að fara yfir þetta í foreldrasamtölum, óska eftir upplýstu samþykki til myndbirtingar.

Fimmta mál á dagskrá: Önnur mál

- Ábending frá foreldri: Það mætti gjarnan huga að því til frambúðar að fatlaðir nemendur eða starfsfólk geta ekki farið niður í matsal. Þessu mætti einnig beina til Norðurþings.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:00

Fundarritari: Rakel Anna Boulter